

Stúdentaverðlaun Vinnís (og NES)

1. Stúdentaverðlaun Vinnís

Stúdentaverðlaun Vinnís fyrir háskólaverkefni á sviði vinnuvistfræði verða veitt í fyrsta sinn í byrjun maímánaðar 2008.

Verðlaunasamkeppni verður formlega tilkynnt á hátíðarfundum í tilefni af 10 ára afmælisári Vinnís þann 7. september 2007.

Dómnefnd er skipuð í upphafi hvers skólaárs af stjórn Vinnís. Fulltrúi Vinnís í nefndinni er formaður, skipaður til tveggja ára í senn. Auk hans skulu vera einn fulltrúi háskóla og einn fulltrúi atvinnulífs í þriggja manna dómnefnd, hvor til eins árs í senn. Dómnefnd hefur fullt umboð og sjálfstæði og þarf því ekki að bera ákvarðanir sínar undir stjórn Vinnís, enda starfi hún eftir settum reglum félagsins.

Verðlaunin eru íslensk og upplýsingar um þau vel sýnileg á heimasíðu Vinnís. Gjaldgengir til verðlauna eru allir íslenskir námsmenn óháð aldri, menntun og staðsetningu háskóla; hvort sem nám er stundað við íslenskan eða erlendan háskóla. Erlendir námsmenn við íslenska háskóla eru sömuleiðis gjaldgengir.

Umsóknir skulu berast skipaðri dómnefnd fyrir lok marsmánaðar ár hvert, skv. opinberri auglýsingu eða fréttatilkynningu félagsins. Í janúar ár hvert mun stjórn senda sérstaka tilkynningu til háskóla hér á landi, þar sem athygli er vakin á verðlaununum. Þau verða veitt með formlegri athöfn í samráði við vinningshafa og viðkomandi háskóla fyrir miðjan maí ár hvert.

Leitað verður eftir stuðningi frá atvinnulífi til þess að standa straum af hluta kostnaðar við verðlaunin. Miðað er við að verðlaunafé fyrir

fyrstu verðlaun séu kr. 100.000,- frá Vinnís og jafnhátt framlag frá styrktaraðila, þannig fyrir 1. verðlaun fái kr. 200.000,-

Viðurkenningarskjöl verði veitt fyrir verkefni sem lenda í 2. og 3. sæti.

Sá umsækjandi sem reynist hlutskarpastur þeirra sem uppfylla skilyrði til stúdentaverðlauna NES, verður sjálfkrafa fulltrúi Íslands til norrænu verðlaunanna. Þeim umsækjendum sem uppfylla skilyrði NES skal sérstaklega bent á að skila inn 400 – 800 orða “abstract” á ensku með umsókn.

2. Stúdentaverðlaun NES

Fyrirkomulag stúdentaverðlauna NES verði endurskoðað og miðað við að hvert land tilnefni sinn fulltrúa til þeirra. Keppendur uppfylli þau almennu skilyrði sem samkomulag verður um að skuli gilda í norrænu keppninni. Einn vinnufundur (work shop) á haustráðstefnu NES verður tileinkaður stúdentaverðlaununum, hvar allir keppendur kynna verkefni sín með 20 mínútna erindi. Sameiginleg dómnefnd allra landa, sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi, verður viðstödd og tekur mið af frammistöðu við úthlutun verðlauna sem fer fyrst fram í lokahófi ráðstefnunnar.

Stjórn hvers landsfélags tilnefni sinn fulltrúa í dómnefnd stúdentaverðlauna NES. Öllum nefndarmönnum í dómnefnd skulu hafa borist fullnægjandi gögn um verðlaunaverkefni hvers lands í síðasta lagi 60 dögum fyrir NES ráðstefnu þar sem verðlaun verða veitt. Stjórn viðkomandi landsfélags er ábyrg fyrir þessu. Misbrestur getur komið í veg fyrir þátttöku viðkomandi lands í keppninni.